

Hingað til hefur hvorki farið fram opinber né lögfræðileg umræða um þessar umfangs-miklu breytingar. Ég veit heldur ekki til þess að það hafi farið fram umræða á Alþingi hingað til. Þess vegna er mikilvægt að við íbúar þjóðarinnar virkjum okkur.

Við íbúar þjóðarinnar eigum rétt á upplýstu samþykki, læknisfræðilegum sjálfsákvörðunar-rétti og persónulegu fullveldi. Við megum ekki leyfa heilbrigðisyfirvaldi sem er ekki lýðræðislega lögmætt að þröngva upp á okkur svo stórfelld inngrip í líf okkar og heilsu.

Við verðum að standa vörð um grundvallarréttindi okkar og frelsi.

Við treystum á hjálp þína og skorum á þig að grípa til aðgerða. Hafðu samband við þá kjörnu fulltrúa og þingmenn innan þíns kjördæmis og spurðu þá spurninga.

- Hvenær hyggjast þingmenn okkar hefja umræðu um þessi víðfeðmu áform?**
- Hver mun skrifa undir og semja um þennan sáttmála fyrir Ísland?**
- Hvernig samrýmast þessar áætlanir WHO stjórnarskrá okkar? Eiga lyfjafyrirtæki og stofnanir að ráða lífi okkar og heilsu en ekki lengur við sjálf?**

Saman verðum við að koma í veg fyrir þessar alræðisáætlanir WHO. Þakka þér fyrirfram fyrir að gerast virkur!

*Impressum:
Doctors for Enlightenment Foundation P.O. Box 60 55 43
22250 Hamburg
Dr. Walter Weber*

VILT ÞÚ ALGERT HEILBRIGÐISEINRÆÐI?

EF EKKI, VERTU VIRKUR OG GRÍPTU TIL AÐGERÐA NÚNA!

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) er ókjörið, alþjóðlegt heilbrigðiseftirlit, að stórum hluta fjármagnað af sjálfseignarstofnunum og lyfjafyrirtækjum, en vill að aðildarríkin 194 veiti stofnuninni víðtækt alræðisvald án nokkurrar vitneskju þess fólks um allan heim sem málið snertir.

Nú standa yfir samningaviðræður hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um **alþjóðlegan heimsfaraldurssáttmála** sem mun ákvarða reglur, bæði um viðbrögð stjórnvalda við heimsfaraldri og endurskoðun **alþjóðlegra heilbrigðisreglugerða**, lagaumgjörð um neyðarástand varðandi heilsu, viðbúnað og viðbrögð. **Heimsfaraldurssáttmálinn** og breytingar á **alþjóðlegum heilbrigðis-reglugerðum** verða lagðar fram til samþykktar á 77. Alþjóðaheilbrigðisþingi í maí 2024.

Einfaldan meirihluta þarf fyrir breytingar á alþjóðlegum heilbrigðisreglum. Því munu reglugerðirnar taka gildi fyrir öll ríkin innan 12 mánaða. Heimsfaraldurssamningurinn þarf meirihluta að 2/3 til að ná fram að ganga. Eftir það getur hvert aðildarríki WHO undirritað og fullgilt/staðfest sáttmálann í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í landslögum þess. Niðurstöður þessara samninga munu hafa áhrif á líf, heilsu og mannréttindi fólks um allan heim.

Fyrirhugaðar breytingar veita WHO og þar með forstjóranum, einstakt „neyðar“-vald.

10 mikilvægustu ástæður gegn því að alþjóðlegum

HEILBRIGÐISLÖGUM verði breytt

- BREYTING ÚR RÁÐGJÖF Í BINDANDI

Breyting á eðli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar úr ráðgefandi stofnun sem gerir aðeins ráðleggingar til stjórnunaraðila, yfir í stofnun sem gefur út lagalega bindandi yfirlýsingar. (1. gr. og 42. gr.)

- ‚MÖGULEG‘ Í STAÐ ‚RAUNVERULEG‘ NEYÐARTILVIK

Gildissvið alþjóðlegu heilbrigðisreglugerðanna er stórlega víkkað til að ná yfir aðstæður sem geta aðeins hugsanlega haft áhrif á lýðheilsu. (2. gr.)

- VANVIRÐING FRELSIS, MANNLEGRAR REISNAR, OG -RÉTTINDA

Afnema ber virðingu fyrir mannlegri reisu, mannréttindum og grundvallarfrelsi. (3. gr.)

- DREIFINGARÁÆTLUN

Framkvæmdastjóri WHO á að fá stjórn á framleiðsluvörum með „úthlutunaráætlun fyrir heilbrigðisvörur“ til að skylda aðildarríki til að afhenda vörur til að berjast gegn heimsfaraldri eins og þörf krefur. (13. gr. A)

- SKYLDUÐ LÆKNISMEÐFERÐ

WHO mun fá vald til að krefjast læknisskoðunar, sönnunar á fyrirbyggjandi meðferð, sönnunar á bólusetningu og framkvæmd á samskiptaeftirliti, sóttkví og læknismeðferð. (18. gr.)

- HNATTRÆN HEILBRIGÐISVOTTORÐ

Innleiðing alþjóðlegs heilbrigðisvottorðs í stafrænu formi eða pappírformi, þar á meðal á læknisvottorði, bóluefnavottorði, vottorði um fyrirbyggjandi aðgerðir, batavottorði, eyðublöðum fyrir staðfestingu um dvalarstað á ferðalögum og heilsufarsyfirlýsingu ferðafólks. (18., 23., 24., 27., 28., 31., 35., 36. og 44. gr. og viðaukar 6 og 8)

- FULLVELDISMISSIR

Gæfi neyðarnefndinni vald til að hnekkja lýðheilsuákvörðunum fullvalda ríkja og gera ákvarðanir neyðarnefndarinnar bindandi. (43. gr.)

- ÓÚTREIKNANLEGUR KOSTNAÐUR

WHO áskilur sér rétt til að dreifa milljörðum dollara til sjúkrahús-neyðar-iðnaðarsamsteypu lyfjafyrirtækjanna án kröfu um reikningsskil. (gr. 44A)

- RITSKOÐUN

Veruleg aukning á getu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að ritskoða það sem WHO lítur á sem rangar upplýsingar og falsfréttir. (Viðauki 1, bls. 36)

- SKYLDU TIL SAMSTARFS

Skapar skyldu til að setja á laggirnar, útvega og viðhalda IHR (International Health Regulations) í innviðum á ferðamannastöðum. (Viðauki 10)

Weiterführende Links:

<https://www.aerzte-fuer-aufklaerung.de>

<http://opiniojuris.org/2023/02/27/the-proposed-amendments-to-the-international-health-regulations-an-analysis/>

(Link auch abrufbar auf www.aerzte-fuer-aufklaerung.de)

